

Ea.

390. Nefndarállit

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 8, frá 20. júní 1923, um ríkisskuldabréf.

Frá fjárhagsnefnd.

Samkvæmt frumvarpi þessu er breyting gerð á 2. og 3. gr. ofan nefndra laga, og eru breytingarnar í því fölgjar að því er 2. grein snertir, að feld eru burtu ákvæði um fastákveðna fjárhæð brjefanna, eða að þau skuli jafnan vera 100, 1000 eða 10000 kr., og að rentan sje sömuleiðis fast ákveðin $4\frac{1}{2}$, 5 eða $5\frac{1}{2}$ %. Meiri hluti nefndarinnar að minsta kosti telur þessa breytingu til bóta, því ómögulegt er að vita um fyrirfram, hvernig hentugast verður í framtíð að haga þessu, og að því sje hyggilegra, að ríkisstjórnin í hverju einstöku tilfelli kveði á um upphæð brjefanna og vexti af þeim.

Aðalbreytingin við 3. grein laganna er í því fölgja að gera lánin, sem nú eru föst lán, að afborgunarlánunum, sem greiðast með jöfnum afborgunum á lánstímabilinu; þó skal vera heimilt að fresta að greiða afborganir fyrstu 5 árin. Öll lán ríkissjóðs munu nú vera afborgunarlán, og telur að minsta kosti meiri hluti nefndarinnar þessa leið hagkvæmari og hollari heldur en að ríkissjóðurinn verði að borga þau á einu ári, í lok lánstímabilsins. Ennfremur er ákveðið í þessari grein laganna, að skuldabréfin skuli gefin út til 25 ára, og hefir háttvirt fjárhagsnefnd í neðri deild skeytt aftan við þessa grein þannig löguðu ákvæði, sem ekki getur vel samýmst við upphaf greinarinnar. Nefndin leggur því til, að upphafi greinarinnar sje einnig breytt í samræmi við viðauka nefndarinnar í neðri deild.

Það virðist líka geta verið óhentugt að binda ríkissjóð með lögum til að taka hvert lán, sem hann þarfnast, til 25 ára. Vel getur staðið svo á, að hann þurfi ekki láns með nema til t. d. 10 eða 15 ára. Aðalatriðið er, að ekkert lán sje tekið til lengri tíma en 25 ára, til þess að gera skuldabréf ríkissjóðs seljanlegri. Því styttri sem lánstíminn er, því hægara er að selja brjefin. Nefndinni þykir hentugra, að lögin sjeu á einum stað, og leggur því til, að breytingarnar verði feldar inn í texta laganna, sem sjeu síðan gefin út þannig breytt sem lög í einu lagi.

Minni hluti nefndarinnar (J. J. og I. P.) geyma sjer rjett til að gera at-
hugasemdir við lagabreytinguna og þessar tillögur.

Samkvæmt þessu eru það tillögur meiri hluta nefndarinnar, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 2. gr. Greinina skal orða svo:

3. grein laganna verði þannig:

Skuldabréfin skulu gefin út til eigi lengri tíma en 25 ára, og með

vaxtamiðum fyrir það tímabil, sem ákveðið er, að brjefin megi vera lengst í umferð.

Af skuldabryfum þeim, sem út eru gefin hvert sinn, skal dregin út (innkölluð) á ári hverju jöfn upphæð í hlutfalli við skuldabryfaupphæðina, sem í umferð er sett, þannig, að skuldabryfin sjeu öll innkölluð og innleyst í lok þess umferðartíma, sem stjórnin hefir ákveðið, þá er brjefin voru sett í umferð. Stjórninni er þó heimilt að ákveða, að fyrstu 5 árin skuli ekkert dregið út.

Nánari tilhögun um innköllun brjefanna getur ráðherra sett með reglugerð.

2. Á eftir 3. gr. komi ný grein, er verður 4. gr., svo hljóðandi:

Breytingar þær, sem með lögum þessum eru gerðar á framanskráðum lögum, skal innfæra í texta laga nr. 8, 20. júní 1923, um ríkisskuldabryf, og síðan gefa lögin þannig breytt út í einu lagi.

Alþingi, 14. apríl 1924.

Sig. Eggerz,
form.

Björn Kristjánsson,
skrifari og framsögum.

Jóhann P. Jósefsson.

Ingvar Pálmason,
með fyrirvara.

Jónas Jónsson,
með fyrirvara.